

virðist því brot hans eiga undir 20. gr. áfengislaganna 64/1930, sbr. lög 70/1931, 5. gr. 3. málsg. og varða missi ökuskirteinis um stundarsakir, og þykir hæfilegt að gera það 4 mánuði.

Svo ber kærðum að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 20 kr. til talsmanns síns Sigurðar Heiðdal.

Miðvikudaginn 5. dez. 1934.

Nr. 150/1934. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Hallgrími Brynjólfssyni

(Eggert Claessen).

Brot g. 2. mgr. 13. gr. l. 64/1930.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. okt. 1933: Kærður, Hallgrímur Brynjólfsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, ásamt ilátum, skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinar, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Jóhanns Gunnars Ólafssonar, lögfræðings, 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Skýrsla kærða um það, að hann hafi fundið poka þann, er í málinu greinir og í voru ilát með áfengi, er ekki svo studd af neinum atvikum, er fram hafa komið í málinu, að kærði geti losnað við ábyrgð vegna áfengis þessa eftir 2. málsg. 13. gr. laga nr. 64/1930. En sakir þess, að kærða var haldið 12 daga í gæzluvarðhaldi, án þess að hann hafi með framkomu sinni við rannsókn málsins gefið tilefni

til þess, þykir mega ákveða, eftir analogiu 59. gr. almennum hegningarlaga, að gæzluvarðhald kærða komi í stað refsingar þeirrar, er hann hefir unnið til.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og áfengisiláta og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo verður og að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert við rannsókn málsins, að rannsóknardómarinn fór ekki þegar í upphafi rannsóknarinnar með kærða á staðinn, þar sem hann kvaðst hafa fundið umræddan poka, og að engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess að sannreyna, hver væri eigandi að oliustakki þeim, sem fyrst getur í prófunum 29. maí f. á., að verið hafi utan um áfengisilátin og innan í pokanum. En með því að svo langt er nú umliðið síðan málið hófst, virðist ekki líklegt, að framhaldsrannsókn mundi leiða til árangurs, og þykir því ekki gerlegt að fresta málinu í því skyni.

Því dæmist rétt vera:

Gæzluvarðhald kærða, Hallgríms Brynjólfs-sonar, komi í stað refsingar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og áfengisiláta og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttar-

málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Eggerts Claessen, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Hallgrimi Brynjólfssyni, fyrrum bónda, frá Felli í Mýrdal, til heimilis Vestmannabraut 54, hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 19. maí 1930.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 10. maí s. l. framkvæmdi lögreglan hér í bænum leit að ólöglegu áfengi og bruggunaráhöldum á heimili kærðs, vegna þess að sterkur grunur var um að hann seldi eða bruggaði áfengi, eða hvorttveggja, og var leit þessi framkvæmd án úrskurðar, samkvæmt heimild í 13. gr. framangreindra laga, þar eð nauðsynlegt þótti að leitinn færi fram þá þegar í stað.

Við húsleit þessa fannst hjá kærðum sterkt áfengi í 3 ilátum, sem hér segir: 1 þriggja pela flaska full, 1 eins pela flaska full, og ca. 1 liter í glerbrúsa, og einn glerbrúsi tómur, sem virtist hafa verið samskonar áfengi í, og var annar þessara brúsa mældur, og tók hann rúma 3 lítra, en brúsar þessir voru jafnstórir. Áfengisilát þessi voru í poka, sem var í íbúðarherbergi kærðs, milli gafls á rúmi hans og skrifborðs.

Lögreglan tók áfengi þetta í sínar vörzlur, og var sýnishorn af því sent Efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar, og reyndist innihald þessa af alkoholi 38%, miðað við rúmmál, og samkvæmt framlögðu vottorði Efnarannsóknarstofunnar gaf það svo greinilega svörun fyrir fusiloliu, að tæplega geti leikið vafi á því, að um heimabruggað áfengi sé að ræða, að áliti Efnarannsóknarstofunnar.

Kærður hefir eindregið neitað að hafa bruggað áfengi þetta, og hefir haldið því fram, að hann hafi fundið það í ilátum þeim, og poka er það fannst í hjá honum, í fjörinni kl. 12 á hádegis sama dag, og lögreglan fann það

hjá honum, og borið það heim til sín og látið það þar sem lögreglan fann það hjá honum, eins og að framan greinir.

Kærður hefir eindregið neitað að hafa selt nokkuð af áfengi þessu, og kveðst aðeins hafa smakkað litilsháttar á því og hefir neitað að hafa nokkru sinni selt eða bruggað áfengi, og hafa ekki komið neinar sönnur fram í málinu fyrir því, að kærður hafi selt áfengi.

Eitt vitni, sem kom heim til kærða þann 8. maí s. l., og var inni hjá honum um stund, hefir borið það í málinu, að kærður hafi veitt vitninu sterkt áfengi, sem vitnið hélt upphaflega fram, að það álitu að hefði verið heima-bruggað, en kærður hefir eindregið neitað að hafa veitt manni þessum nokkurt áfengi, en hefir kannast við að vitnið hafi komið heim til hans fyrrnefndan dag, og kveður vitnið hafa verið mikið ölvað þá, og hefir vitnið kannast við, að svo hafi verið. Kærður kveður flösku með dálitlu af suðuspiritus hafa staðið í glugga í eldhúsinu, sem vitnið kom inn í hjá kærðum, og kveður geta verið að vitnið hafi drukkið úr þeirri flösku, og eftir að vitnið hafði verið samprófað við kærðan um þetta atriði, hélt vitnið því fram, að við nánari umhugsun, álitu þá, að um suðuspiritus hafi verið að ræða, en hélt fast við að hann minnti að kærður hafi veitt sér áfengi þetta, eða helt því út í bolla, sem kærður drakk kaffi úr.

Sama vitnið bar það og upphaflega fyrir rétti, að það hefði við framangreint tækifæri séð kærðan afhenda þremur mönnum, sem hafi komið inn í forstofuna hjá kærðum, en sem vitnið kveðst ekki hafa þekkt, sína flöskuna hverjum, og hélt vitnið þá fram, að það hefði álitnið, að um áfengissölu væri að ræða af hálfu kærða, en kveðst þá ekki hafa séð hann taka við peningum fyrir flöskurnar, og hélt vitnið fast við þennan framburð sinn fyrst er það var samprófað við kærða, en er vitnið var samprófað við kærðan í annað sinn, og skyldi staðfesta framburð sinn með eiði sínum, breytti það framburði sínum þannig, að það hélt fram að það hefði ekki séð kærðan afhenda neinar flöskur en kveðst aðeins hafa séð kærðan fara einu sinni fram úr eldhúsi því, er þeir voru inni í, kærður og vitnið, vegna þess, að bankað hafi verið á hurðina, og kveðst vitnið þá hafa ímyndað sér, að kærð-

ur væri að selja áfengi, og muni það hafa verið vegna þess, að það (vitnið) hefði heyrt talað um að kærður seldi áfengi, og vegna þess, að það áleit þá, að áfengi það, er það drakk hjá kærðum, væri heimabruggað, og hélt vitnið eindregið fram, að sá framburður þess væri réttur, en að það hefði ekki borið visvitandi neitt rangt fyrir réttinum upphaflega.

Bruggunaráhöld fundust engin hjá kærðum við framangreinda húsleit hjá honum, og það hefir ekki verið sannað í málinu, að kærður hafi bruggað framangreint áfengi. En kærður hefir eigi fært fram neinar sönnur fyrir staðhæfingum sínum, um hvernig áfengi þetta hafi komizt í hans vörzlur, og verður því samkv. 13. gr. 2. mgr. laga nr. 64, 19. maí 1930, að dæma kærðan fyrir brot gegn 1. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, ásamt ilátum skal upptækt og eign rikissjóðs.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í málinu, Jóhanns Gunnars Ólafssonar, lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin 40 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en nokkur dráttur varð á málinu vegna þess, að vitni var leitt í því norður á Siglufirði, samkvæmt ósk hins skipaða talsmanns kærðs.